

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Harðar Barðdal til styrktar fötluðum kylfingum.

1. gr.

Heiti sjóðsins er Minningarsjóður Harðar Barðdal til styrktar fötluðum kylfingum. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur minningarsjóðs þessa um Hörð Barðdal, kt. 220546-2689, eru: Sesselja G. Barðdal, kt. 020320-4869; Jóhanna Ingileif Barðdal, kt. 070169-5339; Seselja Engilráð Barðdal, kt. 271070-4979; Bergþóra Fanney Barðdal, kt. 281271-4319; Kristmann Magnússon, kt. 300537-4649; Íþróttasamband fatlaðra, kt. 620579-0259 og Gólfsamband Íslands, kt. 580169-2799.

Markmið sjóðsins er að styðja við starfsemi Gólfsambands fatlaðra á Íslandi og stuðla að aukinni þátttöku fatlaðra í golfi. Markmiði þessu verður t.a.m. náð með því að styrkja fatlaða kylfinga til þátttöku á golfmótum fatlaðra erlendis sem og öðrum þeim framkvæmdum sem eru til þess fallnar að auka áhuga, aðgengi og þátttöku fatlaðra í golfiþróttinni.

Stofnfé sjóðsins er 1.800.000 kr., og er framlag ofangreindra stofnenda sjóðsins. Stjórn sjóðsins getur leitað eftir gjafafé og öðrum framlögum frá utanaðkomandi aðilum. Fjármuni sjóðsins ber að ávaxta með tryggilegum hætti og ber stjórn sjóðsins ábyrgð á fjárvörslu hans. Sjóðurinn skal vera í sameiginlegri vörslu Íþróttasambands fatlaðra og Gólfsambands Íslands og ber að ávaxt fé hans í íslenskum banka.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður og vaxtatekjur af stofnfé og öðru því fé, sem sjóðnum kann að áskotnast; gjafir, áheit og annað fé.

4. gr.

Stjórn sjóðsins hefur heimild til að úthluta styrkjum þegar hún telur ástæðu til og um er að ræða framkvæmdir sem efla aðgengi og auka áhuga fatlaðra á golfiþróttinni.

Úthlutun allra fjármuna sjóðsins skal vera lokið fyrir slit hans.

5. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu sitja fimm menn, sem kjörnir eru til tveggja ára í senn. Í stjórninni skal vera einn fulltrúi stofnenda úr fjölskyldu Harðar Barðdal; einn fulltrúi annarra stofnenda sjóðsins; einn fulltrúi frá Íþróttasambandi fatlaðra; einn fulltrúi frá Gólfsamtökum fatlaðra á Íslandi og einn fulltrúi frá Gólfsambandi Íslands.

Fyrstu stjórn sjóðsins skipa Jóhanna Barðdal, kt. 070169-5339, sem fulltrúi stofnenda úr fjölskyldu Harðar Barðdal; Kristmann Magnússon, kt. 300537-4649, sem fulltrúi annarra stofnenda; Anna Karólína Vilhjálmsdóttir, kt. 030859-5459, frá Íþróttasambandi fatlaðra; Ólafur Ragnarsson, kt. 150563-3999, frá Gólfsamtökum fatlaðra á Íslandi, og Hörður Þorsteinsson, kt. 020961-2019, frá Gólfsambandi Íslands. Fyrsti stjórnarformaður sjóðsins verður Jóhanna Barðdal.

Fráfarandi stjórnarmönnum er heimilt að tilnefna eftirmenn sína í stjórn sjóðsins. Gangi einhver stjórnarmaður úr stjórn án þess að tilnefna eftirmann sinn, skal hinn nýi stjórnarmaður tilnefndur úr viðkomandi hópi þeirra aðila sem upp eru taldi í 1. mgr. 5. gr.

Við ákvarðanir og úthlutanir úr sjóðnum þarf samþykki allra stjórnarmanna.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Sjóðstjórn semur reikninga sjóðsins fyrir 1. júní ár hvert og skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum Gólfsambands Íslands. Fyrsta reikningsár sjóðsins er 2011.

Stjórnarmenn fá ekki þóknun fyrir starfa sinn.

7. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari mega fara fram ef allir stjórnarmenn eru sammála um breytingar á henni, og skal leita samþykkis sýslumannsins á Sauðárkróki fyrir breytingunum.

Verði sjóðnum slitið, skal eignum hans varið til málefna sem skyld eru hinu upprunalega markmiði sjóðsins.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 23. júní 2011.

Ríkarður Másson.

Björn Ingi Óskarsson.